



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is
545 8600

Skuggasundi 1,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Primex ehf.
Óskarsgötu 7
580 Siglufjörður

Reykjavík 1. desember 2022
Tilv.: UMH22100081/8.14

Vísað er til erindis Primex ehf. um tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi skv. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fram kemur að Primex ehf. hafi sótt um breytingu á starfsleyfi til Umhverfisstofnunar til að hefja framleiðslu á saltsýru, vítissóða og klór með rafgreiningu á saltvatni og fylgdi afrit af umsókn með beiðni um undanþágu. Fyrirtækið framleiði náttúrulegt trefjaefni kítósan og hafi frá árinu 1999 byggt upp framleiðslu sem endurnýti úrgangsefni og byggi á sérþekkingu starfsmanna sem séu í dag 20 talsins.

Í erindinu segir að ytri aðstæður valdi því að afhendingaröryggi á efnunum sem eru nauðsynleg til framleiðslu Primex sé skert og hafi fyrirtækið því hug á að hefja framleiðslu á sóða, sýru og klór til eigin nota og sé framleiðslan fyrst og fremst hugsuð til að framleiða næg hjálparefni sem dugi í kítín og kítósan framleiðslu fyrirtækisins. Engin breyting verði á efnanotkun í kítín og kítósan framleiðslu hjá Primex, því öll þessi efni séu notuð í framleiðslunni í dag. Primex muni hætta að flytja inn saltsýru, vítissóða og klór en í staðinn muni fyrirtækið kaupa salt eða um 1.400.000 kg sem fari í ársframleiðslu miðað við hámarksafköst. Saltið yrði flutt með skipi í stórsekkjum beint til Siglufjarðarhafnar og engar aðrar breytingar verði á starfsemi Primex. Breytingin sé tilkomin vegna mikillar óvissu sem skapast hafi við innkaup á sýru, klór og sóða á síðustu árum vegna ytri aðstæðna. Miklar verðhækkningar hafi orðið á orkuverði í Evrópu og flutningskostnaður hafi aukist. Þessar aðstæður ógni verulega afhendingaröryggi á þessum nauðsynlegu efnunum í framleiðslu Primex. Undanfarin misseri hafi fyrirtækið þurft að sæta skömmtunum á þeim og því sé erfitt að tryggja fullan rekstrartíma verksmiðjunnar enda séu þessi efni aðal hjálparefni framleiðslunnar og án þeirra sé engin framleiðsla hjá Primex. Engin jákvæð breyting á aðgengi að þessum hjálparefnum sé í sjónmáli og ef ekkert verði að gert komi þessar aðstæður til með að ógna atvinnuöryggi starfsmanna og skapa óvissu um framtíð fyrirtækisins. Primex telji einnig að umhverfislegur ávinningur sé að því að fyrirtækið vinni sjálft sýru, sóða og klór á staðnum enda sé fyrirtækið stór notandi þessara efna hér á landi. Framleiða á Siglufirði myndi þess vegna spara mikinn flutning á landleið og þ.a.l. minnka kolefnisspor flutninga og á sama tíma auka öryggi með minnkun á magni hættulegra efna í umferðinni. Rafgreiningin sjálf sé hluti af hringrás á salti unnu úr sjó sem Primex flytji inn með skipi til Siglufjarðarhafnar og við rafgreiningu séu efni sem fyrirfinnast í saltinu losuð með því aftur út í sjó. Við framleiðslu á staðnum sé auk þess minna magn þessara efna í birgðatönkum en áður var þar sem nokkuð jafnvægi verði milli framleiðslu og notkunar. Við þetta minnki áhætta sem fylgi geymslu efnanna. Framleiðsla Primex hafi náttúrulega vottun frá Tún

vottunarstofu. Fyrir liggir að Skipulagsstofnun hafi komist að þeirri niðurstöðu að starfsemin kalli ekki á málsmeðferð á grundvelli laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana og fylgdi afrit af svarbréfi Skipulagsstofnunar þess efnis, dags 12. júlí 2022, með beiðni um undanþágu. Fram kemur einnig að EFLA verkfræðistofa hafi annast alla útreikninga á tölulegum gögnum í umsókn til Umhverfisstofnunar um starfsleyfi.

Samkvæmt 4. másl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 er ráðherra heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé komin fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggir mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matsskyldu starfseminnar, sbr. 1. másl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Í ljósi framangreinds sendi ráðuneytið beiðni Primex ehf. til umsagnar Umhverfisstofnunar. Í umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 4. nóvember sl., kemur fram staðfesting á að umsókn Primex ehf. um breytingu á starfsleyfi, þar sem fyrirtækið hyggst hefja framleiðslu á sýru og basa með rafgreiningu saltvatns, sé fullnægjandi. Í beiðni umsækjanda komi fram að ástæða umsóknar um tímabundna undanþágu sé mikil óvissa við innkaup sýru, klórs og sóða á síðustu árum vegna ytri aðstæðna. Miklar verðhækkningar hafi orðið og aðstæður í Evrópu ógni verulega afhendingaröryggi á þessum nauðsynlegu efnunum í framleiðslu Primex. Fram kemur einnig að Umhverfisstofnun hafi ekki forsendur til að meta hvort umræddar ástæður séu ríkar þar sem þær eru viðskiptalegs eðlis. Stofnunin telji að skilyrði fyrir tímabundinni undanþágu séu uppfyllt að því gefnu að ráðuneytið telji að um sé að ræða ríkar ástæður fyrir veitingu undanþágu. Stofnunin leggi til að undanþágan gildi þar til gefið verði út nýtt starfsleyfi en þó ekki lengur en til 4. nóvember 2023. Skilyrði fyrir undanþágunni verði að umsækjandi fylgi skilyrðum starfsleyfis sem í gildi séu fyrir starfseminna og að fylgt skuli þeim kröfum sem mælt sé fyrir um í lögum nr. 7/1998 og reglugerð nr. 550/2018.

Ráðuneytinu bærust viðbótar upplýsingar frá Umhverfisstofnun með tölvupósti 22. nóvember sl. Þar kom fram að fyrirhuguð viðbótarframleiðsla falli undir tölulið 4.2(b) og (c) um efnaiðnað í tilskipun Evrópusambandsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði. Starfsemin falli því einnig undir gildissvið BAT niðurstaðna um klóralkalíframleiðslu og sameiginlega hreinsun á skólpi og úrgangslöfti og stjórnunarkerfi í iðefnageiranum, sem hafa verið innleidd hér á landi. Með breytingu á starfsleyfi verði gerð breyting á skilyrðum þess þannig að sett verða inn viðbótar sértæk starfsleyfisskilyrði með vísan til viðeigandi BAT niðurstaðna auk þess sem gerð verður breyting á eldri skilyrðum eftir því sem þarf. Hvað varði losun þá verði einnig skoðað við vinnslu starfsleyfisins hvort að rétt sé að setja inn viðbótarskilyrði/losunarmörk. Ef veita eigi undanþágu þá sé hægt að setja inn skilyrði um að uppfylltar verði kröfur BAT niðurstaðna, sbr. reglugerð um BAT (bestu aðgengilegu tækni) o.fl. á sviði atvinnurekstrar sem haft getur í för með sér mengun nr. 935/2018. Fram kemur einnig að ekki sé talið að meiri áhætta stafi af þessari framleiðslu heldur en innflutningi og flutningi sýru og basa þar sem líklegt sé að minna verði geymt af efnunum á staðnum. Hins vegar komi á móti að aukning verður á losun í vatn og loft, sbr. upplýsingar í umsókn um breytingu á starfsleyfi en þar er losun áætluð miðað við gögn sem koma fram í BREF skýrslu fyrir klóralkalíframleiðslu.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá starfsleyfi að uppfylltum tveimur skilyrðum. Annars vegar að fram sé komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis auk álits um mat á umhverfisáhrifum starfseminnar eða niðurstaða um matsskyldu þegar við á. Hins vegar að ríkar ástæður séu til staðar sem mæla með veitingu undanþágu frá starfsleyfi.

Samkvæmt umsögn Umhverfisstofnunar telur stofnunin að umsókn Primex ehf. um breytingu á starfsleyfi sé fullnægjandi og hefur Skipulagsstofnun komist að þeirri niðurstöðu að starfsemin kalli ekki á málsmeðferð á grundvelli laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Samkvæmt gögnum málsins hefur Primex sótt um breytingu á starfsleyfi til Umhverfisstofnunar þar sem fyrirtækið hyggst hefja framleiðslu á sýru og basa en fram að þessu hefur fyrirtækið flutt inn viðkomandi efni sem eru notuð við framleiðslu fyrirtækisins. Þarna er því um að ræða nýja framleiðslu hjá fyrirtækinu en samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun er áhætta annars vegar af framleiðslu þessara efna og hins vegar af innflutningi og geymsla þeirra álíka mikil. Telur Umhverfisstofnun að skilyrði fyrir tímabundinni undanþágu séu uppfyllt að því gefnu að ráðuneytið telji að um sé að ræða ríkar ástæður fyrir veitingu undanþágu og telur stofnunin að setja eigi tiltekin skilyrði fyrir veitingu undanþágunnar. Samkvæmt erindi Primex ehf. eru ástæður beiðnar um undanþágu þær að til staðar hafi verið mikil óvissa tengd innkaupum á sýru, klór og sóða á síðustu árum vegna ytri aðstæðna. Miklar verðhækkningar hafi orðið á orkuverði í Evrópu og flutningskostnaður hafi aukist. Hafi þessar aðstæður ógnað afhendingaröryggi á efnunum og hafi fyrirtækið þurft að sæta skömmtunum á þeim sem hafi áhrif á rekstrartíma verksmiðjunnar.

Í ljósi framangreinds veitir ráðuneytið hér með Primex ehf. tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til að hefja framleiðslu á saltsýru, vítissóða og klór með rafgreiningu á saltvatni sbr. 4. másl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og 1. másl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Undanþágan er bundin þeim skilyrðum að fyrirtækið uppfylli ákvæði gildandi starfsleyfis sem Umhverfisstofnun gaf út 3. júní 2015 og laga og reglugerða sem um starfsemina gilda, sérstaklega ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, kröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og kröfum sem gerðar eru í reglugerð nr. 935/2018 um BAT (bestu aðgengilegu tækni) o.fl. á sviði atvinnurekstrar sem haft getur í för með sér mengun.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 4. nóvember 2023.

Umhverfisstofnun fer með eftirlit með starfseminni í samræmi við reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Umhverfisstofnun skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Íris Bjargmundsdóttir

Trausti Ágúst Hermannsson

Ljósrit: Umhverfisstofnun,
Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra.